

The background of the slide is a solid dark brown color. Overlaid on this background are several stylized, semi-transparent autumn leaves in various shades of brown and tan. The leaves are scattered across the frame, with some showing prominent veins. The overall effect is a warm, autumnal aesthetic.

Samfélagsaðlögun á Sólheimum



Hvað gerir Sólheima ákjósanlegan stað fyrir samfélagsaðlögun ?

- Á Sólheimum er samfélag fólks með ólíkan bakgrunn, reynslu og þroska. Fólk sem hefur ekki fordóma, hefur opinn huga og einlægni sem prýða mætti samfélög almennt.

Hvað gerir Sólheima ákjósanlegan stað fyrir samfélagsaðlögun ?

- Að Sólheimum er lögð áhersla á að starfa í sátt við náttúruna, í anda kristinna gilda og mannræktar.
- Þar er húsnæði til staðar, atvinna, íþróttir, menningar- og félagslíf.
- Góð aðstaða er fyrir fjölskyldur fanganna til að dvelja hjá þeim og taka þátt í samfélaginu.



Skilyrði fyrir því að fangi geti sótt um dvöl að Sólheimum.

- a. Að almannahagsmunir mæli ekki gegn vistun fanga að Sólheimum.
- b. Að fangi hafi ekki neytt ávanabindandi eða örvandi lyfja, eða gerst sekur um agabrot í refsivistinni næstliðna 12 mánuði, hafi eftir atvikum notað sér meðferðarúrræði sem staðið hafa til boða í fangelsinu og að hegðun hans hafi verið til fyrirmyndar.
- c. Að í refsivörslukerfinu sé ekki til meðferðar mál þar sem fanginn er kærður fyrir refsiverðan verknað.
 - Víkja má frá skilyrðum b- og c- liðar ef mjög sérstakar ástæður mæla með því.

Skilyrði fyrir því að fangi geti sótt um dvöl að Sólheimum.

- d. Að fangi teljist að öðru leyti hæfur til dvalar að Sólheimum.
- e. Að ekki mælist áfengi í öndunarsýni eða ólögleg ávana- eða fíkniefni greinist í þvagprufu fanga sem hann afhendir áður en til vistunar að Sólheimum kemur.
- f. Vistun fanga er alltaf háð samþykki Sólheima



Þrjár grundvallarreglur

- Neysla og varsla áfengis og fíkniefna á vistunartíma að Sólheimum er með öllu óheimil. Öll neysla áfengis og vímuefna er yfir höfuð óheimil í íbúð viðkomandi. Minnsta neysla leiðir til riftunar á samningi og fyrirvaralausrar brottvísunar af Sólheimum. Til að fylgja eftir þessum reglum getur tilsjónarmaður hvenær sem er krafist þess að vistunaraðili leggi fram þvagsýni.
- Hvers konar líkamlegt og kynferðislegt samneyti og/eða áreitni við íbúa, starfsfólk og gesti að Sólheimum leiðir til fyrirvaralausrar brottvísunar af staðnum.
- Óheimilt er að fara út fyrir landareign Sólheima nema með leyfi tilsjónarmanns. Litið er á brot á þessari reglu sem stök.









Hvers ber að gæta við slíka samfélagsaðlögun eins og að Sólheimum?

- Við þurfum að virða hvern einstakling og meta að þeim verðleikum sem hann ber með sér og reyna að skilja þær aðstæður sem hann býr við.
- Við þurfum einnig að muna, að við björgum engum einstaklingi.
- Við göngum með honum þennan spöl á lífsleiðinni og getum á þeim tíma hjálpað til við að styrkja hann til áframhaldandi starfa og veru þegar út í hið stærra samfélag er komið en ábyrgðin er alltaf hjá honum.

